

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að 160
10. des.
óðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. desember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

161

10. des.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 75 29. ágúst 1931, sbr. samþykkt nr. 34 2. marz 1943.

2. gr., töluliður 2, orðist svo:

Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan, um Mosdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að óðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. desember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

162

16. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum
byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur félagsmálaráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

24. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag póstmanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 7. desember 1946.
25. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 9. desember 1946.
26. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Borg. Varnarþing í Grafarnesi, Eyrarsveit. Staðfest 13. desember 1946.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.